

**Sþ.**

### **433. Tillaga til þingsályktunar**

[184. mál]

um dreifingu menntastofnana, áætlun um skólabörf og eflingu Akureyrar sem miðstöðvar mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Flm.: Ingvar Gíslason, Gísli Guðmundsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi lýsir yfir þeim vilja sínum, að stefnt skuli að eðlilegri dreifingu hvers kyns mennta- og menningarstofnana um landið og tillit tekið til þeirrar stefnu í framkvæmd byggðaáætlana.

Einnig lýsir þingið yfir því, að nauðsynlegt sé að gera heildaráætlun um skólabörf landsmanna næstu 10—15 ár, bæði að því er varðar almenna skóla og sérskóla. Í því sambandi skal, að undanfarinni rannsókn og í samráði við hlutaðeigendur, gerð áætlun um skólastaði í samræmi við þá meginstefnu, að mennta- og menningarstofnunum sé dreift eðlilega um landið.

Enn fremur lýsir Alþingi yfir því, að sérstaklega skuli að því stefnt, að Akureyri verði eflað sem skólabær og miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar.

#### **Greinargerð.**

Efni þingsályktunartillögu þessarar er aðallega þrjúþætt. Fyrsti liður hennar er almenns eðlis og felur í sér viljayfirlýsingu Alþingis um það, að stefnt skuli að eðlilegri dreifingu mennta- og menningarstofnana um landið og að tillit verði tekið til slíkrar stefnu í framkvæmd byggðaáætlana. Í annan stað er fjallað um nauðsyn þess, að gerð sé heildaráætlun um skólabörf landsmanna yfirleitt næstu 10—15 ár, bæði að því er varðar almenna skóla og sérskóla hvers konar. Í þriðja lagi ber að nefna þann þátt tillögunnar, sem telja má að sé sérgreindari að efni en hinir tveir að því leyti, að þar er lagt til, að Alþingi lýsi yfir vilja sínum til þess, að Akureyri verði sérstaklega eflað sem skólabær og miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Þessi þrenns konar efnisatriði eiga samleið og rekast ekki að neinu leyti á. Á einu leitinu er hin almenna stefna um það, að mennta- og menningarstofnunum sé dreift eðlilega um landið og þess gætt við gerð byggðaáætlana, að tekið sé tillit til nauðsynjar hvers landsfjórðungs á því, að þar séu staðsettar þær mennta- og menningarstofnanir, sem óhjákvæmilegar eru fyrir eðlilega byggðapróun í landinu og nútímakröfur um sem jafnasta menningaraðstöðu fólks, án tillits til búsetu. Í öðru lagi er fjallað um almenna skólamálaáætlun fyrir landið allt. Og í þriðja lagi er gerð tillaga um mörkun þeirrar sérstöku stefnu að efla Akureyri á sviði skólamála og miða að því, að þar verði, áður en langir tímar líða, viðurkennd miðstöð æðri mennta og vísinda utan Reykjavíkur.

#### **Samanburður við þingsályktunartillögu frá 1964.**

Tillaga um mjög svipað efni, en með öðru orðalagi, var flutt á þinginu 1964—1965. Flutningsmenn voru þáverandi þingmenn Framsóknarflokksins í Norðurlandskjördæmi eystra. Tillagan fékk heldur vinsamlegar viðtökur á Alþingi og vakti nokkra athygli utan þings. Þó fór svo, að tillagan var ekki samþykkt sem ályktun Alþingis, — þess var ekki kostur, — heldur var henni vísað til ríkisstjórnarinnar. Sá höfuðtilgangur lá að baki þingsályktunartillögunni frá 1964, að skólum og menntastofnunum yrði dreift um landið meira en tíðkæzt hafði til þess tíma. Einnig var þá lögð höfuðáherzla á uppbyggingu Akureyrar sem æskilegrar skólamiðstöðvar öðrum stöðum fremur. Tillaga sú, sem hér liggur nú fyrir, hefur sama höfuðmarkmið og tillagan frá 1964. Á þeim er að visu verulegur orðalagsmunur, en markmiðið má heita hið sama. Flm. telja, að ekki sé síður þörf að hreyfa þessu máli nú en var fyrir 5—6

árum, einkum vegna þess, að ekki er vitað, að ríkisstjórnin hafi gert neitt, sem máli skiptir, til þess að framfylgja þeirri stefnu, sem mörkuð var upphaflega með tillögunni frá 1964 og að formi var vísað til ríkisstjórnarinnar.

#### „Jafnvægi í byggð landsins“.

Tillaga þessi er af flm. hálfu m. a. hugsuð sem framlag til umræðna og ákvarðana í sambandi við byggðajafnvægismál og landshlutaáætlanir. Um eitt skeið mátti segja, að áhuga- og forvígismenn um jafnvægi í byggð landsins töluðu fyrir daufum eyrum, og ekki var örgrannt um, að málstaður þeirra væri hafður í flimtingum. Nú hefur hins vegar svo til skipast, að þetta mál hefur hlotið sérstaka viðurkenningu, sem fram kemur með einum eða öðrum hætti. Má um þetta mál nú segja, sem forðum var á orði haft, að „allir vildu Lilju kveðið hafa“. Svonefndar byggða- eða landshlutaáætlanir eru einnig á dagskrá í öðrum löndum, og er þar sérstaklega að minnast forgöngu Norðmanna, sem að líkindum standa fremst á þessu sviði, enda ekki óeðlilegt miðað við landshætti. Í þessu máli hafa Íslendingar þegar lært mikið af Norðmönnum, en gætu þó betur gert að ýmsu leyti. M. a. verða menn að gera sér fulla grein fyrir þeirri staðreynd, að þróun þjónustustarfsemi, félags- og menningarlífs verður að haldast í hendur við atvinnuuppbygginguna, ef árangur á að verða af landshlutaáætlunum. Nútímafólk, einkum uppvaxandi kynslóð, lætur sér ekki nægja tryggja atvinnuafkomu. Atvinnan er að sjálfsögðu grundvöllur þess, að menn hafi í sig og á, en lífskjör sín og afkomu mælir nútímafólk ekki í atvinnu- möguleikunum einum saman, heldur engu síður í hinni félags- og menningarlegu þjónustu, sem tiltæk er á hverjum stað. Nútímafólk unir ekki fásinni og einangrun né lélegri almannaðjónustu á sviði félagslífs, menntunar og heilsugæzlu.

#### Stefnumótun.

Með tillögu þessari vilja flm. beita sér fyrir því, að Alþingi marki ákveðna stefnu um það, að hvers kyns mennta- og menningarstofnunum sé dreift um landið, svo sem eðlilegt má teljast og nauðsyn krefur. „Mennta- og menningarstofnun“ er allvíðtækt hugtak í þessu sambandi og engin ástæða til að þrengja merkingu þess. Hér er að sjálfsögðu átt við skóla og aðrar fræðslustofnanir, söfn, s. s. bókasöfn, náttúrugripasöfn, listasöfn, minja- og þjóðfræðasöfn, leiklistar- og tónlistarstarfsemi og aðra listastarfsemi. Í ýmsum tilvikum yrði framkvæmd þess stefnuatriðis, sem fyrst getur í tillögunni og varðar almenna yfirlýsingu um dreifingu mennta- og menningarstofnana um landið, fólgin í stuðningi við stofnanir, sem þegar eru fyrir hendi, en þurfa eflingar á einn eða annan hátt. Þannig eru víða til bókasöfn, en flest þurfa þau eflingar, minjasöfn eru einnig víða, en áreiðanlega þurfa þau margs konar eflingar flest hver, og æskilegt væri, að sum minjasöfn a. m. k. efldust svo, að þau mættu með réttu kallast þjóðfræðasöfn, e. t. v. staðbundin og takmörkuð, en eigi að síður fræðilegar stofnanir, en ekki aðeins varðveizlu- og sýningastaðir.

#### Áætlun um skólaþörf næstu 10—15 ár.

Um það þarf sít að efast, að á næstu árum og áratugum mun verða gagnger bylting í skólamáli hér á landi. Skólakerfið, sem sumum finnst fyrirferðarmikið nú þegar, mun að líkindum vaxa örur en dæmi eru til áður og spanna yfir æ fleiri svið. Kröfur munu ekki sít vaxa um ýmsa sérþekkingu og verkþjálfun, sem fylgir margbrotnu tækni- og iðnaðarþjóðfélagi, en að sjálfsögðu mun verkmenningin ein og tæknimenntun í þrengsta skilningi ekki yfirskyggja allt í skólakerfinu. Mannlegum þörfum verður ekki fullnægt með tækniþekkingu einni saman. Ekki er síður þörf fyrir að leggja stund á námsgreinar, sem hafa almennt mennta- og uppeldisgildi eða eru til stuðnings og fyllingar tæknimenntuninni.

Með tilliti til fyrirsjáanlegs vaxtar skóla- og fræðslukerfisins á næstu árum þykir flutningsmönnum þessarar tillögu rétt, að hið opinbera geri heildaráætlun um skólabörfina næsta áratug hið minnsta, eða næstu 10—15 ár, ef það þætti henta. Í því sambandi leggja flm. til, að staðsetning skólanna verði könnuð og ákveðin í samræmi við þá meginstefnu, sem tillagan boðar, að mennta- og menningarstofnunum sé dreift eðlilega um landið.

#### Efling Akureyrar sem skólabæjar.

Í sambandi við Norðurlandsáætlun er að því stefnt að efla Akureyri að mun til mótvægis hinu sterka aðdráttarafli Reykjavíkursvæðisins. Við flutningsmenn þessarar tillögu leggjum þann skilning í Norðurlandsáætlun, að hið opinbera — ríkisvaldið — muni ljá atbeina sinn því mikla verkefni að efla Akureyri svo að áhrifum, að hún geti í raun orðið til mótvægis áhrifamætti Reykjavíkur. Atvinnu- og menningarlegar undirstöður Akureyrarbæjar eru með þeim hætti, að þetta á að geta tekizt. Eigi að síður er efling Akureyrar í umræddum skilningi víðtækt og vandasamt verkefni. Ekki er líklegt, að það verði leyst með neinu töfraorði eða einni ráðstöfun annarri fremur. Þar þarf margt til að koma. Það þarf að efla atvinnulífið og fjölga atvinnugreinum. Það verður að efla Akureyri sem verzlunarmiðstöð og hafskipahöfn. Opinber þjónusta þarf að verða fjölbreyttari. Gera verður stóráttak í heilbrigðismálum og læknisþjónustu. Mjög aðkallandi er að taka húsnæðismálin til gagngerðrar endurskoðunar, því að ónógt húsnæði stendur bænum nú þegar fyrir þrifum. Það þarf einnig — eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir — að efla Akureyri sem skólabæ og menningarmiðstöð.

Þegar rætt er um það að efla Akureyri sem skólabæ og miðstöð mennta og visinda, þá ber að hafa í huga, að ýmsar undirstöður eru fyrir hendi til þess að byggja ofan á. Akureyri er þegar tiltölulega öflugur skólabær, m. a. vegna menntaskólans, sem þar hefur starfað í 40 ár og þó raunar lengur. Iðnskóli Akureyrar er mjög á eflingarbraut vegna nýrra og myndarlegra húsakynna, sem smám saman eru að komast í gagnið. Undirbúningsdeild tækniskóla hefur starfað nokkur ár, og vélskólakennsla fer að nokkru fram á Akureyri. Tónlistarskóli er rekinn í bænum, og er unnið að endurbótum á húsnæði hans. Rætt hefur verið um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri, en ýmsar hindranir hafa verið lagðar í götu þess máls, svo að ekki hefur enn orðið úr framkvæmdum. Hins vegar er ekki ástæða til að ætla annað en að garðyrkjuskóli komi á Akureyri áður en langir tímar líða. Minna má á, að Þórarinn heitinn Björnsson skólameistari var þess fýsandi, að kennaradeild yrði stofnuð og rekin í tengslum við menntaskólann.

Ástæða er til að nefna tvo skóla, sem mjög kæmi til greina að reka á Akureyri. Annars vegar væri norðlenzkur verzlunarskóli, hins vegar fullkominn tækniskóli. Lengi hefur verið þörf verzlunarskóla á Norðurlandi, og var slíkur skóli meðal þeirra, sem flutningsmenn þingsályktunartillögunnar frá 1964 lögðu áherzlu á að rísa þyrfti og vel væri í sveit settur á Akureyri. Ekki virðist fráleitt að hugsa sér, að slíkur skóli yrði rekinn sameiginlega af norðlenzkri samvinnuhreyfingu og samtökum einkarekstrarmanna með styrk úr ríkissjóði. Raunar mætti einnig hugsa sér, að norðlenzkur verzlunarskóli hefði enn víðtækara svið, m. a. að á hans vegum starfaði félagsmáladeild, sem hefði það hlutverk, að þjálfa starfsfólk og trúnaðarmenn verkalýðs- og launþegafélaga og annarra stéttarsamtaka.

Heimilt er eftir lögum að starfrækja tækniskóla á Akureyri. Fjarri fer því, að þessarar lagaheimildar hafi verið neytt, þótt undirbúningsdeild tækniskóla hafi að visu starfað á Akureyri um árabil. Tækniskóli Íslands, sem starfar í Reykjavík, er ung stofnun og fátæklega að honum búið, fyrst og fremst að því er tekur til húsnæðis. Fer kennsla í tækniskólanum fram á þremur stöðum í Reykjavíkurborg og fyrirsjáanlegt, að kennslustaðir munu dreifast enn frekar næsta vetur. Augljóst er, að reisa verður hús yfir Tækniskóla Íslands, ef skólinn á ekki að koðna niður

vegna húsnæðisleysis og skorts á hæfilegri aðbúð. Er nærtækt að láta sér detta í hug, að Tækniskóli Íslands verði fluttur til Akureyrar og þar verði byggt myndarlega yfir skólann. Fjarri fer því, að skólinn lenti í útlegð eða einangrun á Akureyri. Akureyri er mikill iðnaðarbær og stendur Reykjavík fyllilega á sporði um fjölbreytni iðngreina og þjálfun iðnaðarfólks. Á þessa staðreynd bentu sumir þingmenn Norðlendinga, þegar tækniskólafrumvarpið var til umræðu á sínum tíma, og lögðu þá til, að skólinn yrði staðsettur á Akureyri. Því miður náði sú tillaga ekki fram að ganga, enda sætti hún andstöðu ráðamanna, þ. á m. norðlenskra þingmanna stjórnarflokkanna. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að á 11. þingi Fjórðungs-sambands Norðlendinga, sem haldið var á Sauðárkróki 22. og 23. okt. 1969, var samþykkt áskorun á „yfirvöld og Alþingi að taka til gagngerðrar athugunar, hvort eigi sé rétt að flytja Tækniskóla Íslands til Akureyrar.“ Segir enn fremur í ályktun fjórðungsþingsins, að benda megi á fordæmi annarra þjóða, sérstaklega Norðmanna, þessari ályktun til stuðnings. Taldi þingið, að flutningur Tækniskólans mundi hafa „ómetanleg áhrif til eflingar byggð á Norðurlandi“. Undir þessi ályktunarorð fjórðungsþings Norðlendinga vilja flm. taka, enda eru þau í fullu samræmi við þær skoðanir, sem þeir hafa ætíð mælt fyrir í sambandi við staðarval sérskólanna.

Því má bæta við, að fyrir nokkrum árum skipaði norska ríkisstjórnin nefnd, sem hafði það hlutverk að kanna möguleika á dreifingu ríkisstofnana þar í landi. Ein meginniðurstaða nefndarinnar var sú, að lítil sem engin vandkvæði væru á því að velja sérgreinaskólum stað utan höfuðborgarinnar. Sérgreinaskólar væru að öðru jöfnu eins vel staðsettir utan höfuðborgarinnar sem innan hennar. Hins vegar væri heppileg lausn í staðsetningarmálum skólanna að koma upp „skólamiðstöðvum“, þar sem væru fleiri skólar en einn. M. a. nýttust kennslukraftar bezt við slíkar aðstæður. Í sambandi við þingsályktunartillögu þá, sem hér er fram borin, er rétt að geta þess, að flm. hafa í huga, að Akureyri geti orðið „skólamiðstöð“ í þeirri merkingu, sem þarna er um rætt. Um áhrif skólanna á umhverfi sitt þarf ekki að deila. Þau eru mikil og margvísleg, bein og óbein.

#### Miðstöð mennta og vísinda.

Í þingsályktunartillögunni er svo fyrir mælt, að Akureyri verði einnig efltd sem „miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar“. Í þessu felst það, að menntir ýmiss konar, ekki sízt fræði og vísindi, verði auknar svo, að Akureyri verði áður en langir tímar líða viðurkennd sem aðsetur æðri mennta- og vísindastofnana, þar sem m. a. væru stundaðar rannsóknir og fræði á vísindalegum og akademískum grundvelli. Ókunnugir kunna e. t. v. að halda, að um þetta atriði sé á litlu að byggja. Svo er þó ekki. Gerlegt er og skynsamlegt að tengja saman hugmyndina um „skólabæ“ og „miðstöð mennta og vísinda“. Líklegt er, að skólamiðstöðin dragi að sér efnilega menntamenn og kennara, sem áhuga hefðu á að sinna vísindastörfum að nokkru með kennslu. Slíkt á að geta farið saman á Akureyri eins og annars staðar. Þá er þess að geta, að þegar er sprottinn úr grasi vísir að rannsóknastofnunum á Akureyri og nágrenni, einkum á sviði náttúrufræði og raunvísinda. Náttúrugripasafnið á Akureyri hefur á ýmsa lund eflzt mikið síðustu ár. Fuglasafn er þar gott, enda kjarni safnsins í upphafi, en grasasafnið er einnig mikið að vöxtum og mun fyllilega standast samjöfnuð við grasasöfn í Reykjavík. Grasgarðurinn á Akureyri er einstakur í sinni röð. Forstöðumaður Náttúrugripasafnsins, Helgi Hallgrímsson, er ungur vísindamaður og áhugasamur um eflingu vísindastarfsemi á Norðurlandi með aðalaðsetri á Akureyri. Helgi er búsettur á Víkurbakka á Árskógsströnd við Eyjafjörð, um það bil 25 km frá Akureyri. Keypli hann þar allvel hýsta jörð fyrir nokkrum árum og hefur unnið að því af elju og hyggindum að koma þar upp vísi að náttúrufræðilegri rannsóknarstöð. Þar hyggst hann m. a. stunda rannsóknir á sjávarlífinu við Eyjafjörð, og þegar hefur hann ásamt félagi sínum, Guðmundi Ólafssyni menntaskólakennara, fengizt við jarðvegsrannsóknir með styrk úr Vísindasjóði.

Fyrir nokkrum árum tók til starfa Efnarannsóknarstofa Norðurlands á Akureyri og nýtur ötullar stjórnar ungs vísindamanns, Jóhannesar Sigvaldasonar magisters. Liggur þegar gott starf eftir hann á sviði jarðvegs- og kalrannsóknna á Norðurlandi.

Þess má geta, að bókasafnið á Akureyri ásamt skjalasafni (Amtsbókasafnið) hefur nýlega flutzt í mjög veglegt hús og er án efa myndarlegasta bókasafn utan Reykjavíkur. Minjasafn bæjarins er einnig merk stofnun, sem gæti orðið vísir að raunverulegu þjóðfræðasafni eða þjóðfræðastofnun, ef rétt væri á haldið og vilji væri fyrir hendi að koma slíkri stofnun upp.

Sú fræði- og vísindastarfsemi, sem nefnd hefur verið, er að sönnu aðeins mjór vísir þess, sem orðið gæti, ef markvíst og skipulega væri unnið að eflingu rannsóknna og vísindastarfs á Akureyri. Hins vegar er hér um grundvöll að ræða, sem byggja mætti ofan á. Í fylling tímans mun engum þykja goðgá, þótt akademísk fræðsla í meira eða minna mæli verði upp tekin á Akureyri, enda ber að stefna að henni sem sérstöku markmiði.